

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 17. september var haldinn 131. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:10 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Ingibjörg Sigurbórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs og Margrét Richter sérfræðingur- fjármála og rekstrar í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar var tekin fyrir.

Hverfisráð Kjalarness lagði fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness fagnar því að þessi úttekt skuli hafi verið gerð. Ráðið telur mikilvægt að borgin samþætti alla þá þjónustu sem í boði er og geri hana bæði sýnilegri og aðgengilegri á hverfasíðu. Eins og fram kemur í helstu niðurstöðum þurfa íbúar nú að hafa innsýn í stjórnskipulag borgarinnar til að vita hvert þeir eiga að leita. Þessu verður að breyta. Einnig er mikilvægt að efla rafræna stjórnsýslu í þjónustu borgarinnar.

- Kl. 17.15 tekur Guðfinna Ármannsdóttir sæti á fundinum.

2. Drög kynnt lauslega um breytingar á hverfisráðum.

Hverfisráð Kjalarnes leggur fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness telur að sérstaða, varðandi íbúafjölda og fjarðlægðar frá öðrum hverfum borgarinnar, sé þess valdandi að óásættanlegt væri ef ekki væri sérstakt hverfisráð á Kjalarnesi. Sérstaða Kjalarness felst einkum í að vera blönduð byggð, bæði þéttbýli í Grundarhverfi og dreifbýlt grænt svæði sem sameinaðist Reykjavíkurborg árið 1998. Hagsmunaárekstrar geta verið af öðrum toga en í öðrum borgarhverfum og má þar til dæmis nefna almenningsamgöngur. Kjalarnes er fámennt hverfi sem myndi hverfa í fjöldann ef ekki yrði gerðar sérstakar samþykktir um aðkomu kjalnesinga meðal annars í gegnum hverfisráð Kjalarness.

Fulltrúi sjálfstæðisflokksins lagði eftirfarandi bókun fyrir hönd síns fulltrúa sjálfstæðismanna í hverfisráð:

Fulltrúar sjálfstæðisflokks í hverfisráð setur sig alfarið á móti fækkun Hverfisráða. Við höfum ekki trú á að Kjalnesingar fái kjörin fulltrúa í hverfisráð með fækkun ráða. Bein kosning þriggja fulltrúa og framkvæmd hennar er ekki útskýrð í þessum tillögum né hvernig verður jafnræði kynja og stefnumála háttað? Eins og tillagan lítur út á blaði getum við ekki fallist á hana. Miðað við fjöldi atkvæða í hvoru hverfinu fyrir sig, sjáum við ekki hvernig fulltrúi Kjalnesinga fái kosningu. Að Hverfisráð kjósi sér sjálf formenn úr hópi þeirra fulltrúa sem í þeim eru hafa þau ekkert við þá tillögu að athuga.

3. Umræða var um Orkuveituvegin, sem staðsettur er fyrir neðan Grundarhverfi.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness harmar að enn skuli dragast að bráðabirgðavegur Orkuveitunnar fyrir neðan Grundarhverfi, sem ekki er á skipulagi, verði fjarðlægður. Íbúar eru langþreyttir á umferð um veginn. Krafist er þess að honum verði lokað strax fyrir

óviðkomandi umferð. Hverfisráð ítrekar að vegurinn verði fjarðlægður um leið og framkvæmdum við dælustöðina er lokið.

4. Umræða var um almenningssamgöngur um hverfið.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness gerir alvarlega athugasemdir við endurtekna mismunun sem Kjalnesingar verða fyrir þegar ekki eru strætisvagnaferðir á Kjalarnes á Menningarnótt eins og í öll önnur hverfi höfuðborgasvæðisins.

5. Umræða var um starf ráðsins fyrir komandi vetur. Ákveðið var að halda íbúafund í formi opins hús, fimmtudaginn 15. október. Á opna húsinu verða ýmsar kynningar frá félögum á Kjalarnesi og annað er viðkemur hverfinu.

Fundi slitið kl. 18.50

Ólafur Þór Zoéga
Eldey Huld Jónsdóttir

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Guðfinna Ármannsdóttur